

## INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 10. mars 2022 var haldinn 65. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal, 4. hæð Borgartúni 12-14 og hófst kl. 13:00. Sabine Leskopf og Björn Gíslason sátu fundinn í fundarsal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:, Dóra Magnúsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson, Valgerður Árnadóttir og Björn Gíslason. Einnig sátu fundinn Theodór Kjartansson frá borgarlögmanni og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu sem sat í fundarsal. Fundarritari var Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu, í fundarsal.

### Þetta gerðist:

1. Lagt er fram erindi upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR), dags. 10. mars 2022, merkt PON22030014, um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar, sbr. b. lið 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, enda er Microsoft einkaleyfishafi á þjónustunni "Microsoft Unified Support services" og þar með eini aðilinn sem kemur til greina af tæknilegum ástæðum. Um er að ræða áttundu framlengingu á Unifed Support-samningi um kaup á þjónustu ráðgjafa frá Microsoft og er samningstíminn þrjú ár eða til 31. mars 2015. Árleg fjárhæð eru USD 134.000,- eða tæplega 18 milljónir króna á ári án vsk.

Samþykkt.

Tómas Guðmundsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

2. Lagt fram bréf Mannvits verkfræðistofu dags. 26. janúar 2022, varðandi innkaupastefnu – ábendingar, vegna stigagjafar við útboð nr. 15364 (verðfyrirspurn). Trúnaðarmál.

Innkaupa- og framkvæmdaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Innkaupaskrifstofu er falið að óska eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs varðandi málið.

3. Lagður er fram úrskurður kæruefndar útboðsmála í máli nr. 47/2021: Gleipnir verktakar ehf. gegn Reykjavíkurborg og Verktækni ehf. Trúnaðarmál.

### Fundi slitið kl. 13:20

Sabine Leskopf

Valgerður Árnadóttir  
Dóra Magnúsdóttir

Ólafur Kr. Guðmundsson  
Björn Gíslason